



434. Stjórnarfundur haldinn 18. Sept. 2014 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), og Birgir Már Bragason (BMB).

Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson (KG) og Guðjón Axelsson (GA).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá VÍS v/ endurskoðunar á slysatryggingu launþega og /eða frjálsri ábyrðartryggingu.

Framkvæmdastjóri hefur sent á VÍS að þetta sé óbreytt á milli ára.

Skýrsla íþrótt- og útivistaskóla fimleikadeildar. **Móttekin. Aðalstjórn þakkar góða skýrslu.**

Bréf frá UMFÍ v/ boðunar á 39. sambandsráðsfund UMFÍ sem haldin er í Stjórnheimilinu í Graðbæ 11.október 2014 kl. 9:00. **EH mætir.**

Tölvupóstur frá landsfulltrúa UMFÍ Sabínu S. Halldórsdóttur v/ Forvarnardags Forseta Íslands en hann fer fram 1.október 2014. Ekki er ætlast til að félög fari í skóla nema þess sé óskað af skólum. EH hefur undanfarin ár farið í Heiðarskóla en skólinn hefur óskað sérstaklega eftir fulltrúa frá félaginu. Ef erindi berast frá skólum munum við sinna þeim að bestu getu.

3. Send bréf.

Engin.

4. Keflavíkurdagur.

Búið er að halda þrjá fundi. Drög að dagskrá liggur fyrir og verður Keflavíkurdagurinn 11. október 2014 frá kl. 13 :00 – 15:00 í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Unnið að því að fá samstarfsaðila með okkur. Öllu stjórnarfólki í deildum Keflavíkur verður boði í samsæti um kvöldið 20:00 – 22:00 (ca. 100 manns). Næsti fundur nefndarinnar er 24. september. Umræður um kostnað. **EH og BMB hafa fullt umboð stjórnar til að gera viðeigandi samninga. Ávallt skal hafa það í huga að fara gætilega með fjármagnið. Ákveðið að fara í samstarf við Víkurfréttir með kynningu og umfjöllun.**

5. Jólblað Keflavíkur.

Umræður um opnuviðtal. Verður tekið fyrir á næstu fundum. Nokkrum hugmyndum kastað fram.

6. Önnur mál.

Námskeiðið Litli-kompás sem Æskulýðsvettvangur ætlaði að vera með hjá okkur 17. september var aflýst vegna ónógrar þátttöku.

Uppskeruhátíð barna- og unglíngaráðs knattspyrnudeildar verður haldið laugardaginn 20. september kl. 11:00 – 13:00 í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Stjórnarmenn hvattir til að mæta.

ÞMK sagði frá heimsókn á fund íþrótt- og tómsundaráð Reykjanesbæjar 9. september. Þar var hann var með kynningu á framtíðarsýn, fjölda iðkenda sem félagið þjónar, fjölda stjórnarmanna og tölulegum stærðum og umfangi Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.

Blakdeild komin með tíma í Heiðarskóla.

Erindi barst frá Hjördísi Árnadóttur framkvæmdastjóra Fjölskyldu- og félagssviðs Reykjanesbæjar í tölvupósti um afnot af sal 1 frá kl. 08:00 – 16:00 og sal 2 undir hádegismat til áramóta undir starfsemi Hæfingarstöðvarinnar. Umræður um málið. Stjórnarmenn jákvæðir fyrir þessu en telja að félagið verði að fá leigutekjur vegna afnota af aðstöðu og búnaði félagsins. **Framkvæmdastjóra veitt heimild til að ganga frá málinu.**

Jólahlaðborð 29. nóvember. EH lagði fram tilboð frá Grand Hóтели.

Ákveðið að taka tilboðinu og framkvæmdastjóra falið málið.

Næsti fundur er 02. október kl. 18:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:15

Fundinn ritaði BS

